

Reykjavík, 22. september 2020

## Umsögn vegna tillögu um breytingu á viðmiðunarstundaskrá grunnskóla

Félag raungreinakennara **styður eindregið tillögu** um aukna áherslu á náttúrufræðigreinar á unglíngastigi grunnskóla.

Hæfni nemenda í náttúrufræði á Íslandi er slakari en í flestum þeim löndum sem við viljum bera okkur saman við og hefur farið versnandi. Margar ástæður geta verið að baki; fáir tímar í náttúrufræðigreinum; skortur á kennurum með sérhæfingu í náttúrufræðigreinum; skortur á endurmenntun náttúrufræðikennara og aðstöðuleysi.

Hæfni í náttúrugreinum (eðlis-, jarð- og lífvísindum ásamt umhverfismennt) er mikilvæg í nútímatæknisamfélagi þar sem samspil náttúru og samfélags er flókið. Stóru viðfangsefni íslensks (og alþjóðlegs) samfélags nútímans og framtíðar eru á sviði náttúrugreina. Má þar nefna orkumál (jarðefnaeldsneyti og raforkuframleiðsla almennt), veirufaraldur, eldvirkni, tæknibyltingar, jarðskjálftavá, snjóflóð og loftslagsbreytingar með tilheyrandi súrnun sjávar, áhrif á vistkerfi sjávar og lands, veðurfarsbreytingum og bráðnun jökla. Með hæfni í náttúrufræðigreinum og áherslu á vísindalæsi eru þátttakendur í þjóðfélaginu betur í stakk búnir til að takast á við verkefni framtíðar. Sömuleiðis stuðlar það að sjálfbæru lýðræðissamfélagi þar sem ákvarðanatökur eru byggðar á skynsemi og hagkvæmni.

Aukin áhersla á náttúrufræðigreinar er því mikilvæg og telur Félag raungreinakennara að einn þáttur í þeirri þróun sé aukning á hlutfalli náttúrugreina í viðmiðunarstundaskrá eins og fram kemur í tillögunni. Vonast er til þess að í framhaldi megi einnig sjá breytingar sem miða að fjölgun hæfra náttúrufræðikennara.

Félag raungreinakennara **fagnar** því tillögu stjórnvalda um aukna áherslu á náttúrufræðigreinar. Það er liður í að snúa við þróun undanfarinna ára og undirbúa íslenska nemendur betur til að takast á við þátttöku í samfélagi með sjálfbæra nýtingu náttúruauðlinda í forgangi. Að auki mun það vera hvatning til frekara náms á sviði vísinda og tækni og til hæfni í náttúrufræðigreinum til samræmis við önnur vestræn ríki.

Stjórn Félags raungreinakennara

Birgir Urbancic Ásgeirsson, formaður

Birgir Martin Barðason, gjaldkeri

Magnús Hlynur Haraldsson, ritari

Guðmundur Grétar Karlsson, meðstjórnandi

Jón Egill Unndórsson, meðstjórnandi

Baldur Garðarson, meðstjórnandi